



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Rofaborg



2021 – 2022



Framtíðarsýn skóla og frístundasvið: Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	4
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021 - 2022.....	6
3 Innra mat Lóulands og Þrastalands	11
4 Innra mat sérkennslu.....	15
5 Innra mat – fjöltyngd börn	17
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	18
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	19
8 Foreldrasamvinna.....	20
9 Skipulagsdagar	21
10 Fylgigögn.....	21
10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	21



Leiðarljós leikskólans: *leikur - gleði - vinátta*

Leikur - Leikur barna er mikilvæg náms- og þroskaleið

- leikur er vinna og nám barnsins
- í leiknum fer fram mikilvæg sköpun
- börn þurfa að sýna frumkvæði og vera virk í leiknum




Gleði – Gleði er rauður þráður í daglegu starfi og athöfnum

- öllum á að líða vel í leikskólanum
- vera jákvæð gagnvart hvert öðru
- að geta sjálfur veitir gleði
- hvetja og hrósa hvert öðru



Vinátta - Stuðlum að vináttu allra

- hafa falleg samskipti hvert við annað
- vera fær í að umgangast hvert annað
- læra að lesa í tilfinningar
- sýna hvert öðru umhyggju og hlýju



1 Greinargerð leikskólastjóra

Sumarið 2020 tók Rofaborg þátt í tilraunaverkefni um sumaropnum leikskóla í Reykjavík í annað sinn. Markmið verkefnisins var að gefa kost á sveigjanleika fyrir foreldra til að taka sumarleyfi á öðrum tíma en júlí og fram í ágúst sem er hefðbundinn sumarlokunar tími leikskóla á Reykjavíkursvæðinu. Mikil ánægja var með verkefnið hjá foreldrum og starfsmönnum Rofaborgar. Að þessu sinni bættist við hópur barna sem áttu foreldra sem höfðu þurft að nýta sumarorlof sitt í sóttkví vegna Covid-19. Nokkrir foreldrar barna í öðrum skólum í Árbæ, Norðlinga- og Grafarholti nýttu sér að stytta sumarfríð vegna Covid-19 en úrræðið var ekkert nýtt til þess að taka sumarfrí á öðrum tímum en á lokunartíma þeirra leikskóla.

Yngstu deildinni, Svanalandi, var breytt í ungbarnadeild síðastliðið sumar og vegna tafa á verkinu og fjöldatakmarkana vegna Covid-19 dróst aðlögun fram í október. Þá var hluta garðsins einnig breytt í ungbarnagerði og breytti það miklu hvað varðar öryggi yngstu barnanna á bænum.

Óvenju mikið var um flutning barna milli hverfa í vetur sem gerði það að verkum að mikið hefur verið um flutning barna á milli deilda og aðlögun nýrra barna í allan vetur.

Ein deildarstjórastaða losnaði sl. haust og gekk vel að manna þá stöðu sem og aðrar stöður er losnað hafa í haust og vetur.

Eins og undanfarin ár er vinnutímaskipulag deildarstjóra viðvera á deild kl. 8-14 og undirbúningsvinna og önnur umsýsla vegna deildarinnar s.s. fundir o.fl. frá 14-16. Mikil ánægja er með þetta fyrirkomulag sem hefur skilað okkur margfalt þéttara og markvissara deildarstarfi og í leiðinni meiri fagmennsku og gæðum í starfi með börnunum.

Stytting vinnuvikunnar var verkefni sem tók töluverða orku. Vinnutímahópur kom sér saman um 4 tillögur sem kosið var um. 97% starfsfólks kaus með tillögu sem fól í sér 36 tíma vinnuviku. Allir eiga sinn fasta stutta dag í viku hverri og mikil samstaða er um að láta þetta fyrirkomulag ganga upp.

Síðast liðið haust var byrjað að vinna með vináttuverkefni Barnaheilla, Blæ, og fékk starfsmannahópurinn námskeið í notkun námsefnisins.

Símenntun einstakra starfsmanna var með minnsta móti þennan vetur vegna Covid-19 sem hafði mjög hamlandi áhrif á öll samskipti utan leikskólans. Þó sótti einn deildarstjóri TRAS námskeið og aðstoðarleikskólastjóri tók þátt í Forystunámi.

Þegar rofaði til í fjöldatakmörkunum var tækifærið nýtt til að fá fyrirlesara í hús: Laufey Erlendsdóttir flutti fyrirlestur um jákvæða sálfræði í febrúar, í apríl var Sigrún Grendal frá Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins með námskeið í tákni með tali (TMT) og í apríl einnig flutti Sigurbaldur Frímannsson aðstoðarleikskólastjóri í Sólborg fyrirlestur sinn um opinn efnivið.

Liðinn vetur var unnið áfram með þau markmið sem sett voru fram í tengslum við Menntastefnu Reykjavíkurborgar. Það sem bar hæst var vinna með læsi og sjálfshjálpi. Komið var á það sem við köllum „flæðilestur“. Þá er markvisst lesið einstaklingslega fyrir hvert barn, 2-3 sinnum í viku. Þá fær hver barn gæðastund með kennara og þá er hægt að aðlagasturinn að þörfum hvers og eins. Í kjölfarið voru búin bókakassar sem við köllum gæðakassa, eða „mini bókasafn“. Í hverjum kassa eru



um 10 bækur sem við teljum mjög góðar til að efla orðaforða og málskilning barnanna. Deildarnar skiptast á kössum einu sinni í mánuði. Þetta hefur farnast mjög vel.

Það hefur einnig verið gert átak í sjálfshjálpi barnanna og teljum við það hafa borið talsverðan árangur. Fyrir næsta skólaár erum við búin að bæta við sköpun sem einn viðbótar þáttur í vinnu varðandi Menntastefnuna.

Covid-19 hefur að sjálfsögðu sett sinn svip á starfið þetta árið. Foreldrar hafa lítið sem ekkert komið inn í húsið og starfsfólk er orðið mjög fært í að hólfastípta húsinu, með tilheyrandi raski á starfsemi og húsnaði, með litlum fyrirvara. Allt hefur þó gengið vel enda starfsmannahópurinn samstíga og staðráðinn í að gera það besta úr hlutunum. Foreldraviðtöl og Teymisfundir hafa að mestu farið fram á Teams og önnur foreldrasamvinna hefur verið að mestu í formi símtala og tölvupósta.

Elstu börnin tóku þátt í Barnamenningarverkefni Tónskóla Sigursveins sem þó var ekki hægt að klára til fulls vegna Covid-19.

Rofaborg sótti um og fékk að taka þátt í verkefni hjá Myndlistarskóla Reykjavíkur. Um var að ræða verkefni sem elsti árgangurinn tók þátt í og fólst í að þau fóru einu sinni í viku í 7 vikur í myndlistarskólann og frömdu þar listgjörninga undir leiðsögn kennara myndlistarskólans. Það var mjög lærdómsríkt og skemmtilegt fyrir bæði nemendur og kennara Rofaborgar og afurðirnar hinar mestu gersemar.

Þess ber að geta að í maí var ljóst að Rofaborg ásamt Fylki og 5 öðrum leikskólum í Árbæ, í samstarfi við H.Í fengu þróunarstyrk frá Skóla- og frístundarráði upp á 4.000.000.- Verkefnið fékk nafnið Heilsuefning leikskólabarna í Árbæjarhverfi.

Að öðru leyti var starf vetrarins eins hefðbundið og hægt var miðað við það ástand sem ríkir í þjóðfélaginu þessa dagana:

Starfi vetrarins var skipt í 6 lotur:

Lota 1 .. September – október - Útikennsla - Náttúran og umhverfið.

Lota 2 .. Október – nóvember - Málrækt og læsi - Þjóðsögur og ævintýri

Lota 3 .. Nóvember – desember - Jólaundirbúningur.

Lota 4.. Janúar – febrúar – Vísindastarf.

Lota 5 .. mars – apríl - Málrækt og læsi - Framsögn.

Lota 6 .. maí – júní - Útikennsla - Vorið og umhverfið.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu?	Helstu niðurstöður mats
Faglegt samstarf innan leikskólans. 1. Samstarfið einkennist að uppbyggilegum samskiptum og gagnkvæmu trausti aðila innan leikskólans. 2. Stjórnendur eru vakandi fyrir samstarfs möguleikum og hvetja starfsfólk til þátttöku í verkefnum innan sem utan leikskólans. 3. Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarfið í Rofaborg. 4. Starfsmenn fá nauðsynlegar upplýsingar sem þeir þurfa á að halda er viðkemur starfinu í leikskólanum.	Survey Monkey könnun til starfsmanna.	Starfsmenn fengu allir könnun. Svörun var um 60%	1. Heilt yfir finnst fólki samstarfið mjög gott. Það hefur aukist í vetur sérstaklega eftir hádegi eftir að við fórum í 36 st. vinnuviku. Fólk er tilbúið að styðja hvert annað í starfi og andrúmsloftið er gott. Það ríkir mikið traust milli yfirmanna og undirmanna og það ríkir samheldni innan deilda. Hins vegar mætti vera meira að uppbyggilegu samstarfi starfsmanna milli aldurstiga og stundum vantar virðingu og kurteisi í samtal. 2. Stjórnendur standa sig vel í að hverja starfsmenn til að sækja námskeið og koma með námskeið inn í leikskólann. Stjórnendur eru opnir fyrir samstarfi og verkefnum utan sem innan leikskólans. Gæti verið meira samstarf milli allra deilda ekki bara elsta stig saman og yngsta stig saman. 3. Starfsmenn fá tækifæri til að koma með hugmyndir og geta haft áhrif til breytinga ef þess er þörf. Allir hafa tillögurétt og taka þátt í ákvörðunum. Lýðræðisleg samskipti þurfa samt að vera



			kurteis og það mætti stundum frekar hjálpast að með hugmyndir frekar en að brjóta þær niður. Alltaf má gera betur og stundum gleymist að spyrja suma. 4. Starfsmenn upplifa mjög gott upplýsingaflæði. Það koma reglulega rafrænar fréttir frá leikskólastjóra, það kemur vikulega vikuplan á deildir og deildarstjórar standa sig vel í að miðla upplýsingum frá deildarstjórafundum. Upplýsingar koma vel og skýrt fram frá stjórnendum og deildarstjórum.
Læsi í leikskólanum – þekking og skilningur á samfélagi og umhverfi	Spurningalistar menntastefnunnar	Allir starfsmenn Rofaborgar	Niðurstöður voru að um 80 % af þeim viðmiðum sem eru í gátlistunum eru komin til framkvæmda.
Sterk sjálfsmynd og trú á eigin getu	Spurningalistar menntastefnunnar	Starfsmenn Rofaborgar	Niðurstöður voru að um 87 % af þeim viðmiðum sem eru í gátlistunum eru komin til framkvæmda.
Vinnustytting í 36 tíma á viku	Survey Monkey könnun til starfsmanna.	Allir starfsmenn	Mikill meirihluti starfsmanna mjög ánægður með fyrirkomulagið. Kom fram að fólk mundi ekki vilja snúa til baka í 40 st.



Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu?	Helstu niðurstöður mats
Viðhorfskönnun foreldra sem gerð var í jan/feb 2021.	Spurningalisti til foreldra	Um 90% foreldra svöruðu könnuninni.	Barninu líður vel í leikskólanum 4,67
			Ég tel barnið mitt örugg í leikskólanum 4.60
			Það ríkir vingjarnlegt andrúmsloft í leikskólanum 4.55
			Skólanum er vel stjórnað 4.55
			Heildaránægja með leikskólann 4,67



Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Koma á meiri samvinnu við verkefnastjóra fjölmennningar, sérkennslustjóra og deildarstjóra	Reglulegum fundum og/eða samtali.	Reglulegum fundum. Verkefnastjóri sérkennslu hefur aðkomu að foreldravíðtölum með deildarstjóra.	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri	September 2021	Mái 2021	Rýnihópur deildarstjóra, leikskólastjóra og verkefnastjóra fjölmennningar.	Verkefnastjóri fjölmennningar verði kunnugur foreldrum og sé í meiri tenglum við deildarstjóra.
Uppeldis- og menntastarf							
Málrækt og læsi	Efla flæðilestur og lestur í hópum enn frekar.	Kaupa erlendar barnabækur og þýða. Efla gæða bókakassa á deildum.	Deildarstjórar og stjórnendur.	September 2021	Ágúst 2022	Rýnihópur og stjórnendur	Að það sér afbragðs gott úrval af góðum bókum sem eru aðgengilegar og sýnilegar á deildum.
Félagsfærni	Efla enn frekar félagsfærni barnanna.	Meira af félagsfærni leikjum.	Deildarstjórar	September 2021	Ágúst 2022	Rýnihópur og stjórnendur	Virk, skapandi og glöð börn
Sjálfeffing	Börnin bjargi sér betur sjálf í daglegum athöfnum.	Samtöl við starfsmenn á vettvangi og að	Allir starfsmenn ásamt	September 2021	Ágúst 2022	Myndatökur og skráningar	Að það sé ekki tekið fram fyrir hendurnar á börnunum.



	Einnig að þau komi með lausnir að verkefnum.	starfsmenn verði meðvitaðir um hvað börnin geta gert sjálf.	stjórnendur m.				
Sköpun	Sköpun í hugsun, orði og verki fái meira vægi í starfinu og að henni verði gerð betur skil.	Námslota sem er sérstaklega helguð sköpun.	Deildarstjóri	Sept. 2021	Ágúst 2022	Myndatökur og rýnihópur deildarstjóra og leikskólastjóra.	Að sjá verk barna sem er þeirra eigin sköpun án stýringar frá fullorðnum.
Mannauður/ Leikskólabragur							
Hreyfing og tónlist	Sameiginleg söngstund á föstudögum verði kraftmeiri og öll börn taki þátt.	Sérmerkja ákveðin sönglög sem sungin verða saman.	Leikskólastjóri og deildarstjóri.	Sept. 2021	Júní 2022	Metið á haustönn og vorönn með upptökum og myndartökum.	Að öll börn taki þátt í söngnum og læri texta og laglínu.
Innra mat							
Faglegt samstarf innan leikskólans	Meira faglegt samtal þvert á aldurstig.	Kynna fyrir starfsmönnum könnun sem var gerð þar sem kemur fram að stundum vantar virðingu í samtal milli starfsmanna.	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.	Sept. 2021	Sept. 2022	Könnun til starfsmanna	Að allir starfsmenn leggi sig fram við að eiga uppbyggileg samtöl við samstarfsfélaga.
Samvinna milli deilda	Flæði milli deilda	Hafa einn dag í viku flæðidag milli deilda.	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjóri.	Sept. 2021	Sep. 22	Skrá niður flæðið og hvernig gekk.	Að flæði milli deilda verði hnökralaust og börnin verði öðrum deildum kunnug.



3 Innra mat og umbótaáætlun deilda.

Krummaland, Spóaland og Svanaland er með umbótaáætlun sem fylgigögn, *sjá viðhengi*.

Umbótaþættir: Að hvetja börnin til sjálfshjálpar og styrkja þau til sjálfsbjargar, einnig að styrkja félagshæfni og samskipti barna sín á milli og efla málþroska þeirra.

Tímaáætlun: Frá hausti 2020 til vors 2021. Geta barnanna var skráð að hausti og endurmetin að vori. Allir starfsmenn deildanna tóku þátt.

Sjálfsbjörg:

Markmið: Að börnin verði meira sjálfsbjarga s.s. við að klæða sig úr og í útifötin og ganga frá þeim í hólfið sitt, nota hníf til að brytja, smyrja og borða með í matartímum og ganga frá eftir sig þegar þau eru búin að borða og að bjarga sér á WC.

Leiðir: Gáfum börnunum meira rými og tíma með því að hafa þau í misstórum hópum t.d. í fataklefa og á WC, einnig fengu börnin hnífa í matartímum og þau hvött til að brytja og smyrja sjálf. Börnin fengu lengri tíma til að æfa sig að gera sjálf og þeim var kennt að sækja sér hjálp í stað þess að fara að gráta.

Niðurstöður: Við sjáum framför hjá öllum börnunum, mismikla þó. Allt frá því að vera grátandi og segja „ég get ekki klætt mig sjálf/sjálfur“ í það að verða að einhverju eða öllu leyti sjálfbjarga og að geta beðið um aðstoð ef þau þurfa hana. Þessar umbætur hafa skilað góðum árangri, það er rólegra í fataklefanum og umgengni er betri, börnin ganga sjálf frá fötunum sínum í hólfin. Það er einnig augljós framför hjá börnunum í matartímum og á WC. Þau eru meira sjálfbjarga, brytja matinn sinn og smyrja brauðið sitt sjálf og ganga sjálf frá eftir matinn. Einnig eru þau orðin mun duglegri að passa upp á sínar eigin hreinlætisvenjur sjálf s.s. fara á klósettið og þvo sér um hendurnar á eftir og fyrir alla matartíma.

Félagsfærni:

Markmið: Að styrkja félagshæfni barnanna og efla þau í félagslegum samskiptum sín á milli.

Leiðir: Til að efla börnin í félagslegum samskiptum höfum við tekið fyrir hlutverkaleikinn bæði í hópastarfi og í frjálsum leik. Börnin þurfa að eiga samskipti sín á milli í leiknum og læra að skiptast á leikföngum og leysa deilur sem upp koma. Kennarinn tók virkan þátt í leiknum og leiðbeindi þeim ef á þurfti að halda t.d. að klæða dúkkurnar í föt eða leysa deilumál. Einnig unnum við með

Blær Vináttuverkefni.

Niðurstöður: Eftir nokkur skipti í hlutverkaleiknum sáum við hvernig færni barnanna í samskiptum jukust og þeim gekk mun betur í leiknum sérstaklega drengjunum sem voru ekki alveg með dúkkuleikinn á hreinu, leikurinn hjá þeim fór gjarnan út í hamagang. Við sjáum mikla framför hjá öllum börnunum í leiknum, samskiptin voru vinalegri, þeim gekk betur að leysa deilur og léku sér fallega með leikföngin. Drengirnir sem höfðu ekki alveg vald á þessum leik í upphafi, hafa nú meiri áhuga á þessum leik og velja hann oft í val tíma í frjálsa leiknum.

Blær Vináttuverkefni: Er forvarnarverkefni gegn einelti sem við tókum inn í leikskólann í haust. Markmið verkefnisins er að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag. Við leggjum áherslu á að kenna börnunum okkar að vera góður félagi og sýna vináttu, umhyggju, virðingu og hugrekki. Blær bangsi er táknmynd verkefnisins og hafa öll börnin fengið Blæ sem er lítill bangsi sem þau eiga sjálf og er merktur þeim. Litlu bangsarnir hugga og styrkja og eru vinir barnanna.

Niðurstöður: Blær vináttuverkefnið hefur vakið mikinn áhuga hjá börnunum. Þau eru meðvitaðri um vináttuna og hvers virði hún er. Við sjáum það að börnin koma og láta okkur vita ef einhver er að gráta eða taka dót af öðrum. Þau skynja líka betur ef einhver er leiður og láta þá kennarana vita. Þetta er flott verkefni sem hefur skilað miklum árangri að okkar mati.

Við á Lóulandi ákváðum að þegar barn á afmæli þá búum við til afmæliskort þar sem við stimplum handafar barnsins framan á kortið. Börnin á deildinni eiga svo að segja eitthvað fallegt um afmælisbarnið sem kennarinn skrifar inn í kortið. Börnin þurfa að hugsa um hvað þau vilja láta skrifa inn í afmæliskortið og það kemur margt fallegt og skemmtilegt frá þeim t.d. ég ætla leika við þig, þú mátt koma heim til mín, ég ætla dansa við þig ofl. virkilega vinalegt og fallega sagt hjá þeim.

Unnið er með vináttuverkefnið einu sinni í viku á báðum deildum en þá er börnunum skipt í tvo hópa og valið er eitt verkefnaspjald fyrir hvorn hóp, það er skoðað vandlega og spjallað um það. Börnin eru áhugasöm og koma með alls konar uppástungur hvernig eigi að bregðast við hinum ýmsu aðstæðum sem sýndar eru á spjöldunum eða upp koma í daglegu starfi. Einnig er lesið úr sögubókinni sem fylgir verkefninu. Við sjáum að börnin eru að minna hvort annað á að vera vinir og ef þau eru leið þá ná þau gjarnan í Blæ bangsa og knúsa hann, hann veitir þeim huggun og styrk. Við erum líka með Blæ nuddstundir þar sem tvö og tvö börn sitja saman og nudda hvert annað. Í



Þessum stundum er lesin saga og hlustað á rólega tónlist. Börnin þurfa alltaf að veita leyfi ef þau vilji láta nudda sig.

Ef það er einhver sem vill ekki fá nudd þá er það virt. Nuddstundin styrkir vináttubönd barnanna.

Málproski og læsi:

Markmið: Efla málproska barnanna, máltjáningu, orðaforða og skilning. Að þau læri að þekkja nafnið sitt á rituðu máli og ákveðna stafi, hljóðin sem þeir gefa og táknið þeirra.

Leiðir: Auka lestur, vinna með þulur, vísur, söngva og rím. Lesið var fyrir börnin í misstórum hópum og einnig fyrir hvert barn eitt og sér að minnsta kosti einu sinni í viku og oftast fyrir tvítyngdu börnin. Nýttum okkur líka 10 mínútna regluna til málörvunar og Lubbi finnur málbeinið. Börnin eru æfð í framsögn með því að gefa þeim tækifæri að standa upp fyrir hópi barna og syngja eða segja frá einhverju sem þeim liggur á hjarta.

Við merkjum stóla, skúffur og myndir barnanna með nafninu þeirra, einnig leikfangakassar og skúffur.

Niðurstöður: Það var farið markvisst í að kenna þulu, vísur og rím í hádeginu, ný þula eða vísa fyrir hvern mánuð. Þau læra fullt af nýjum orðum og ef þau skilja ekki orðin vilja þau fá útskýringu á þeim.

Það er sungið reglulega 3-4 í viku í samverustundum og einnig æfum við vísurnar sem Lubbi kenndi okkur og málhljóðin.

Börnin fá tækifæri til að standa upp fyrir hópi barna í samverustundum með því að klappa atkvæði, syngja eða segja frá einhverju skemmtilegu. Þetta hefur styrkt þau verulega í að þora tjá sig fyrir framan misstóra hópa barna.

10 mínútna reglan: Kennarar gefa hverju barni samtal daglega, oftast í gegnum leikinn eða spjall eftir að búið er að lesa fyrir þau einstaklingslega. Einnig grípum við hvert tækifæri sem gefst í daglegustarfi s.s. í matartímum og fataklefanum til að spjalla við börnin og tengjum orð við athafnir. Einnig er lesið í hópastarfi og þá eru börnin fjögur í hóp.

Lubbi finnur málbeinið: Börnunum er skipt upp í tvo hópa og hver hóp fer einu sinni í viku í Lubba stund þá er farið í málhljóð vikunnar sem er skipulagt fyrir veturinn. Börnin læra 25 málhljóð yfir veturinn og í þessum stundum er líka farið í ýmis orð sem tengjast málhljóði vikunnar. Börnin fá tækifæri til að leika með málhljóðin og finna orð sem tengjast þeim og leika með rím. Þau börn sem eiga málhljóð vikunnar fá mynd af sér hjá stafnum sínum. Lubbi er frábært verkefni sem skilar árangri, börnin eru farin að hljóða ýmis orð og tengja tvö hljóð saman s.s. Í.....S. Þau eru líka farin að nefna nöfn foreldra sína og segja okkur hvaða staf foreldrar þeirra eiga svo byrja þau að hljóða stafinn „sko mamma á þennan staf“.

Þessir umbótaþættir þ.e. sjálfsbjörg, félagsfærni, málþroski og læsi henta vel þeim aldri barna sem eru inni á Lóulandi og Prastalandi. Því viljum við gjarnan vinna með þessa umbótaþætti næsta vetur líka.

Bestu kveðjur

Elín Jónsdóttir Deildastjóri á Lóulandi

Ingibjörg Guðbrandsdóttir Deildastjóri á Prastalandi



4 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2020-2021

Skipulagning sérkennslu 2020-2021 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Öll börn með íslensku sem annað tungumál fengu málörvun í litlum hópum. Tekið var mið af stöðu hvers og eins og hóparnir settir saman með tilliti til þess. Starfsmaður í 50% starfi sinnti þessari kennslu eingöngu. Skráningar áttu sér stað í lok hverrar vinnustundar. Íslensku börnin á elsta ári fengu vinnustundir hjá sérkennslustjóra í hádeginu alla daga. Börnin sem þurftu meiri þjálfun fóru oft en þau sem voru betur stödd. Skráð niður hvað var gert í hverjum tíma og hvernig börnin stóðu sig í þeim verkefnum sem voru lögð fyrir hverju sinni. Hópunum var raðað niður eftir niðurstöðum Hljóm-2 en börn færð á milli hópa eftir því sem við átti. Börn með fjármagn fóru öll í einstaklingsvinnustundir ásamt því að fá að bjóða öðrum börnum með reglulega. Við skráningu þeirra barna var notast við AEPS listann eða ABBS listann. Í þeim tilfellum voru teymisfundir á ca. 6 vikna fresti þar sem farið var yfir markmið og leiðir.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.	Hljóm-2, EFI-2, TRAS, AEPS og ABBS.
Hvaða námsefni var notað? Vorur t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Orðagull, Lærum og leikum með hljóðin, Lubbi finnur málbein, Markviss málörvun í leik og starfi, Tölum saman, Hljóðkerfisvitund – Spil (hugur og fluga), fjolbreyttkennsla.is, Krakka- Alias , söguspilið og fleira.

Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR R/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Málörvunar- hópar	Það þarf að bjóða börnum sem eru ekki tvítyngd en eru með málþroskavanda, upp á sömu þjónustu og tví-þrítyngdu börnin eru að fá.	Setja börnin í málörvunarahóp út frá niðurstöðum málþroskamats þar sem það liggur fyrir. Fá ráðgjöf talmeinafræðinga hjá þjónustumiðstöð um hvernig sé best að vinna með þau börn sem eru slök en hafa ekki farið í mat. Fá ráðgjöf á deildina um góðar leiðir sem	Sérkennslustjóri ber ábyrgð á að útvega námsgögn og verkefni fyrir þessar stundir í samvinnu við deildarstjóra hvernar deildar fyrir sig.	Haustið 2022	Komið í gagnið fyrir jóli 2021	Spurningalisti lagður fyrir starfsmenn deildarinnar í byrjun. Lagt aftur fyrir í byrjun árs 2022. Gert endurmat.	Skráning fer fram eftir hvern tíma og út frá því er hægt að meta árangur kennslunnar.



		henta öllum börnum. Auka lestur bóka í litlum getuskiptum hópum.					
--	--	--	--	--	--	--	--

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Gefðu 10	Efla börn sem eru slök hvort sem það er félagslega eða í málþroska.	Það þarf að hafa lista með nöfnum þeirra barna sem þurfa aðstoð. Hver starfsmaður þarf að merkja við að hann hafi gefið sér 10 mínútur í spjall við það barn sem áhersla er á hverju sinni. Reyna að hafa ákveðið tímabil yfir daginn þar sem þetta hentar best.	Sérkennslustjóri sér um að útbúa þessa lista og fylgjast með því að þessu sé sinnt. Deildarstjóri minnir starfsfólk sitt á.	Haustið 2021	Vor 2022	Skráningum haldið saman um hvert barn og hversu oft starfsmenn gáfu sér tíma til að ræða við barnið í 10 mínútur. Tekið saman hálfsmánaðarlega. Farið yfir á deildarfundum.	TRAS skráningar. Rætt við starfsmenn um hvernig og hvort barnið tjái sig betur og meira inn á deild. Í einhverjum tilfellum er hægt að notast við EFI-2 (3-4 ára börn).



5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Það er notað til að greiða laun verkefnastjóra fjölmennings sem er í 49% starfi frá sept. – maí.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Verkefnastjóri er með markvissa málörvunarhópa barna af erlendum uppruna. Þar er unnið með daglegan orðaforða sem og orð sem koma fyrir í sögum og spilum eins og staðarhugtök og orðaforða sem er notaður í daglegu starfi leikskólans. Á öllum deildum er unnið með aðferðinni Gefðu 19.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Einstaklingslestur styður vel við að dýpka orðaforða barnanna. Þá er hægt að útfæra lesturinn og aðlagga hann að hverju barni fyrir sig. Verkefnastjóri fjölmennings vinnur með þennan þátt í málörvunarstundum.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Það er notaður TRASS skimunarlistinn fyrir öll börn. Hann kortleggur vel framfarir í málþroska. Einnig eru notaðar skimunarlisti AEPS. Sérkennslustjóri heldur utan um þessa vinnu. Þegar börnin eru u.þ.b 5 ára er tekið HLJÓM 2 próf sem gefur góðar vísbendingar marga þætti málþroskans.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Við sjáum vel hvað virkni erlendu barnanna hefur aukist og við hugum sérstaklega að því að gera þau virk. Það er unnið að þessum þáttum í málörvunarhópum og einnig vinnur sérkennslustjóri með þessa þætti í félagsfærnihópum. Ef börn koma slök út úr HLJÓM 2 þá er unnið sérstaklega með hljóðkerfisvitund þeirra fram á næsta vor áður en þau fara í grunnskólann.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Foreldrasamstarf foreldra af erlendum uppruna.	Ná betur til erlendra foreldra.	Verkefnastjóri fjölmennings fari með deildarstjóra í foreldraviðtöl.	Verkefnastjóri sérkennslu og deildarstjórar.	Nóv. 2021	Maí 2022	Rýnihópar deildarstjóra og verkefnastjóra sérkennslu.	Meiri virkni foreldra barna sem eru af erlendum uppruna.
Mat á vinnunni.	Fylgjast markvisst með framförum barnanna.	Nota lista sem er sérstaklega ætlaður til að kortleggja framfarir barna.	Verkefnastjóri sérkennslu.	Nóv. 2021	Maí 2022	Með matlistum	Glöð og kát börn með góða færni í íslensku.



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunar samtölin munu skiptast í eftirfarandi;

- Samtöl við deildarstjóra tvisvar á skólaári
- Nýliðasamtöl. Eiga sér stað eftir 4-6 vikur í starfi
- Samtöl við aðra starfsmenn. Einu sinni á ári
- Starfslokaspjall. Við starfsmenn sem hætta störfum.

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri skipta með sér samtölum við aðra starfsmenn en deildarstjóra. Leikskólastjóri sér um viðtöl við nýliða, starfslokaspjall og samtöl við deildarstjóra.

Áætluð fræðsla fyrir skólaárið 2021 – 2022

- Það er áformað að fá námskeið um slysavarnir barna á haustmánuðum 2021. Slík námskeið skulu vera í boði á 2ja ára fresti og nú er kominn tími á það.
- Leikskólaráðstefna SFS í febrúar 2022.
- Náíð verður fylgst með hvaða námskeiðstilboð verða þetta skólaárið fyrir leikskóla og áformað er að fá a.m.k 1 námskeið til viðbóta fyrir allan starfsmannahópinn.
- Sækja fræðslu frá Miðju máls og læsis.



7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Löng hefð er fyrir samvinnu Rofaborgar og Árbæjarskóla og má rekja samstarfið allt til ársins 1987. Markmið samstarfsins er;

- Að stuða að vellíðan og öryggi barna við flutning frá leikskóla í grunnskóla.
- Brúa bilið milli skólastiganna og stuðla að heildstæðu námi barna
- Efla og styrkja samstarf starfsfólks á báðum skólastigum.

Áætlun fyrir skólaárið 2021 -2022

September - Heimsókn leikskólabarna á bókasafn Árbæjarskóla. Starfsmaður bókasafnsins tekur á móti hópnum og les fyrir þau.

Október - Heimsókn nemenda í 1. bekk á leikskólana í um 2 klst. Börnin fá ávexti og taka þátt í leik með leikskólabörnunum.

Nóvember - Dagur íslenskrar tungu - Heimsókn leikskólabarna í hátíðarsal skólans. Börnin stíga á svið og flytja söng eða þulu sem er hluti af dagskrá hátíðarinnar.

Smiðjudagur fyrir leikskólabörn í Árbæjarskóla sem eru venjulega seinni partinn í nóvember.

Desember - Heimsókn leikskólabarna í skólann - Leikskólabörnin mæta í jólastund með 1. bekk.

Mars-apríl - Heimsóknir leikskólabarna í daglegt starf 1. bekkjar. Farið er inn í kennslustund, í matsal og í frímínútur.

Maí - Vorskóli fyrir væntanlega nemendur í Árbæjarskóla.

Júní - Rofaborg og 1. bekkur Árbæjarskóla fara saman í útikennslu á grenndarsvæði leikskólans. Ferðin er skipulögð af kennurum Rofaborgar.

8 Foreldrasamvinna

Nú erum við vonandi að sjá fyrir endann á sóttvarnar ráðstöfunum sem hafa verið í gangi síðan í mars 2020 og hafa gert það að verkum að samstarf við foreldra hefur verið í öðruvísi farvegi en við viljum. Á næsta skólaári getum við vonandi hitt foreldra mun oftast átt meiri og betri samvinnu

Foreldraráð.

Tilgangur foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefnda um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldra. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfinu. Starfsreglur foreldraráðs voru samþykktar 2014. Í foreldraráði Rofaborgar sitja 4 fulltrúar foreldra ásamt leikskólastjóra. Skipa þarf nýtt foreldraráð í sept. 2022.

Foreldrafélag

Foreldrafélag hefur séð um viðburði sem hafa það að markmið að efla félagsauð barna og foreldra í Rofaborg. Þar má nefna sveitarferð, fjölskylduhátíð og einnig hefur foreldrafélagið lagt sitt af mörkum við útskrift elstu barna.

Foreldrafundir

Foreldrafundur verður að hausti fyrir allar deildir í einu. Fundur fyrir nýja foreldra féll niður þetta árið en einstaklingsviðtöl við nýja foreldra voru endurskoðuð. Eyðublað sem foreldrar fylla út þegar börnin byrja voru uppfærð sem og bæklingurinn „Velkomin í Rofaborg“.

Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl verða á tímabilinu nóvember 2021 – maí 2022. Áætlað er að foreldrar barna sem hefja leikskólagöngu um haustið 2021 komi í viðtal fyrir áramót og einnig foreldrar þeirra barna sem skiptu um deild í sumar og haust, en það er u.þ.b. helmingur barna af hverri deild. Eftir áramót, á tímabilinu janúar – apríl 2022 koma foreldrar hinna barnanna sem og þeir sem vilja fá annað viðtal. Það hefur hentað vel að dreifa viðtölunum á nokkra mánuði og við leyfum foreldrum að velja tíma eftir kl. 14 á daginn.



Þáttaka foreldra í leikskólastarfinu.

- Jólakakó foreldra í byrjun desember.
- Opið hús í apríl /maí.
- Bjóða foreldrum að koma og sjá leiksýningar og/ eða söng barna á deildum að lokinni lotu þar sem sköpun verður í fyrirrúmi.
- Fjölskylduhátíð Rofaborgar sem er ár hvert í júní. Þá gera foreldrar, starfsmenn og börn sér glaðan dag saman.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar á skólaári 2021 – 2022 eru;

Þriðjudagur 21. sep.2021 – Skipulagsdagur í Rofaborg , lokað – einnig skipulagsdagur í Árbæjarskóla.

Föstudagur 19. nóv. 2021 - Skipulagsdagur í Rofaborg , lokað – einnig skipulagsdagur í Árbæjarskóla.

Mánudagur 7. febr. 2022 – Skipulagsdagur í Rofaborg, lokað – einnig skipulagsdagur í Árbæjarskóla.

Föstudagurinn 25. mars 2022 – Skipulagsdagur í Rofaborg, lokað.

Föstudag. 27. maí 2022 - Skipulagsdagur í Rofaborg , lokað – einnig skipulagsdagur í Árbæjarskóla.

Mánudagur 30. maí 2022 – Skipulagsdagur í Rofaborg, lokað.

10 Fylgigögn

Umbótaáætlun Spóalands og Krummalands. *Sjá viðhengi.*

Umbótaáætlun Svanalands. *Sjá viðhengi.*

Leikskóladagatal 2021 – 2022. *Sjá viðhengi.*

10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Þórunn Gyða Björnsdóttir

Leikskólastjóri 6. júlí 2021.



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2021 – 2022

Rofaborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Íris Dögg Gunnarsdóttir
Sædís Sif Harðardóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:



Starfsáætlun Rofaborgar, 2021-2022.

Umsögn foreldris, úr foreldraráði leikskólans.

Leikskólastjóri skýrir vel frá starfi skólans síðast líðið skólaár ásamt því að setja starfáætlun fyrir komandi skólaár virkilega vel fram . Í starfsáætlun má sjá þá þætti sem skólinn mun leggja áherslu á komandi skólaári auk þeirra umbóta sem deildirnar setja sér fyrir. Það má sjá að verulega flott og faglegt starf á sér stað þar sem unnið er með markvissum hætti að alhliða þroska barna, með skýr leiðarljós og gildi til að fara eftir, auk tengingar við nýju menntastefnu borgarinnar. Það má vel sjá að skólinn hefur unnið sérstaklega vel þrátt fyrir takmarkanir í samfélaginu og mun nýta sér öll þau tækifæri sem koma t.d. til endurmenntunar og fræðslu starfsfólks, um leið og kostur er á.

Sædís Sif Harðardóttir

Skóladagatal Rofaborgar 2021 - 2022

	Sept	Okt	Nóv	Des	Jan	Feb	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ág
Námslotur:												
Félagsfærni, læsi, sjálfsefning og sköpun. Útikennsla.	x								x	x	x	x
Félagsfærni, læsi, sjálfsefning og sköpun. Ýmis skapandi verkefni.		x	x									
Jólaundirbúningur				x								
Félagsfærni, læsi, sjálfsefning og sköpun. Vísindastarf					x	x						
Félagsfærni, læsi, sjálfsefning og sköpun. Barna- og fjölmennning.							x	x	x			
Sumarstarf. Útistöðvar og náttúran.										x	x	x
Viðburðir:												
Ljósavika					x							
Bangsadagur og náttfataball		x										
Umferðarvika og hjóladagur										x		
Vettvangsferðir barna fædd 2016	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	
Vettvangsferð fædd 2017 á Þjóðminjasafnið									x			
Heimsókn 6 ára barna úr Árbæjarskóla		x								x		
Heimsóknir 5 ára í grunnskólann	x		x	x		x	x	x				
Heimsóknir í Töfrasel						x	x	x	x			
Barnamenningarhátíð								x				
Öskudagsball							x					
Söngstund í lðu föstud. kl. 9.	x	x	x	x	x	x	x	x	x			
Foreldrasamstarf:												
Foreldraviðtöl			x	x	x	x	x	x	x	x		
Foreldrafundir		x										
Jólaakakó foreldra				x								
Fréttabréf	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	
Opið hús								x				
Útskrift elstu barna									x			

Skóladagatal Rofaborgar 2021 - 2022

Skipulagsdagar	<u>21.sep</u>		<u>19.nóv</u>			<u>7.feb</u>	<u>25.mar</u>	<u>27. maí og 30. maí</u>	
----------------	---------------	--	---------------	--	--	--------------	---------------	---------------------------	--